

Hafnarfjarðarbær
Kt. 590169-7579
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 30. nóvember 2018

KRÖFUBRÉF

Til Réttar Aðalsteinsson & Partners hefur leitað Borghildur Sölvey Sturludóttir, kt. 090975-4479, og falið okkur að gæta hagsmuna sinna vegna brottvikningar hennar úr störfum fyrir Hafnarfjarðarbæ. Á bæjarstjórnarfundum Hafnarfjarðar þann 11. apríl 2018 var umbjóðanda okkar, gegn vilja hennar, vikið úr störfum sínum fyrir Hafnarfjarðarbæ, áður en kjörtímabili hennar lauk, sbr. 39. gr. samþykktu um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 525/2016 (hér eftir: „samþykktir“).

Þann 11. og 12. apríl sl. kvartaði umbjóðandi okkar til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins vegna brottvikningarinnar. Með bréfi þann 20. apríl sl. óskaði ráðuneytið eftir umsögn og tilteknum upplýsingum frá bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar vegna málsins. Umbeðin umsögn og gögn bárust þann 11. maí sl. Í umsögn bæjarstjóra kom meðal annars fram að sveitarstjórnin hafi brotið gegn 2. mgr. 30. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 þar sem á fundi bæjarstjórnar þann 14. mars 2018 hafi ekki verið tekið með formlegum hætti afstöðu til skýrrar óskar sveitarstjórnarmanns um tímabundna eða varanlega lausn frá störfum.

Þann 10. október sl. barst álit ráðuneytisins vegna kvörtunarinnar. Þar kom meðal annars fram:

- i. Að ákvörðun forseta á fundi bæjarstjórnar 11. apríl sl. að taka til afgreiðslu tillögur um breytingar á skipan skipulags- og byggingarráðs og hafnarstjórnar, sem ekki voru tilgreind á útsendri dagskrá fundarins, án þess að leita fyrst ákveðinna afbrigða, hafi brotið gegn 15. og 16. gr. sveitarstjórnarlaga og 9., 10. og 2. mgr. 11. gr. samþykktar.
- ii. Að ekki hafi verið gert hlé á umræddum fundi heldur hafi honum í raun verið lokað og því brotið gegn 16. gr. sveitarstjórnarlaga og 12. gr. samþykktar.
- iii. Að umbjóðanda okkar hafi verið vikið gegn vilja hennar úr skipulags- og byggingarráði og hafnarstjórn þegar bæjarstjórn samþykkti hinar framangreindu ólögmetu tillögur um breytingar á skipan hennar á fundinum þann 11. apríl 2018.

Með vísan til álits ráðuneytisins og málsatvika þá telur umbjóðandi okkar þar að auki að afgreiðsla og boðun fundarins hafi verið í andstöðu við 49. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. 34. gr. samþykktar. Uppsögnum stjórnvalda er einnig settar skorður af grunnreglum stjórnsýsluréttar, þar með talinni réttmætisreglunni, en samkvæmt henni verða stjórnvöld ávallt að byggja matskenndar ákvarðanir á málefnalegum sjónarmiðum, sbr. stjórnsýslulög nr. 37/1993.

Með vísan til fundargerðar umrædds fundar og máls Gunnars Axels Axelssonar, bæjarfulltrúa, voru ekki settar fram neinar málefnalegar ástæður sem réttlætt gætu uppsögnina. Málefnalega sjónarmiða var ekki gætt og ekki staðið réttilega að ákvörðun um uppsögnina. Einnig telur umbjóðandi okkar að brotið hafi verið gegn meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar, sbr. 12. gr. stjórnsýslulaga, þar sem uppsögnin var ekki nauðsynleg eins og á stóð.

Þar að auki var Einar Birkir Einarsson búsettur að Álfaheiði 13, 200 Kópavogi, sbr. 1. og 2. mgr. 1. gr. laga um lögheimili nr. 21/1990. Einari Birki skorti kjörgengi og því hefði umbjóðandi okkar með öllu réttu átt að vera í bæjarstjórninni sem hans varamaður, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga um kosningar til

sveitarstjórnar nr. 5/1998, sbr. 1. mgr. 30. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Bæjarstjórn lagði ekki viðhlítandi grunn fyrir setu Einars Birkis þar sem málið var ekki nægjanlega upplýst svo að unnt væri að taka málefnalega ákvörðun í skilningi 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Að öllu framangreindu virtu, þá var uppsögnin ólögsmæt sem skapar rétt til handa umbjóðanda okkar til greiðslu skaðabóta af þeim sökum. Umbjóðandi okkar krefst því launa bæjarfulltrúa eitt ár aftur í tímann sem nema samtals kr. 3.435.720. Til frádráttar koma greidd laun til umbjóðanda okkar frá aprílmánuði til og með júnímánaðar 2018 sem nema samtals kr. 659.944. Við lok ráðningartíma ber vinnuveitanda að greiða orlofslaun auk þess að greiða hlutfall launþega af orlofs- og desemberuppbótum, sbr. 8. gr. laga um orlof nr. 30/1987. Einnig krefst umbjóðandi okkar áfallins kostnaðar vegna lögfræðiaðstoðar. Eftirfarandi kröfugerð byggir á kjarasamningi, reglum og samþykktum Hafnarfjarðarbæjar og tekur mið af launaseðlum umbjóðanda okkar. Með vísan til framangreinds sundurliðast krafa umbjóðanda okkar með eftirfarandi hætti:

Kröfueigandi:	Borghildur Sölvey Sturludóttir, kt. 090975-4479.
Skuldari:	Hafnarfjarðarbær, kt. 590169-7579, Strandgötu 6, 220 Hfj.
Lýsing kröfu:	Krafa vegna ólögsmætrar uppsagnar og vangoldinna launa.
Sundurliðun kröfu:	Bæjarfulltrúalaun í eitt ár kr. 3.435.720
	8% mótframlag í lífeyrissjóð kr. 274.858
	Orlofs- og desemberuppbót kr. 137.000
	Orlofsfé kr. 448.018
	Almennir skaðabótavextir kr. 85.933
	Lögfræðikostnaður kr. 300.000
	Greidd laun til frádráttar - kr. 659.944
	Samtals kr. 4.021.584

Komi til þess, þá gerir kröfueigandi einnig kröfu um greiðslu dráttarvaxta af eftirstöðvum frá 30. desember 2018 og til greiðsludags skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 9. gr. laganna. Er jafnframt gerður áskilnaður um greiðslu á öllum frekari lögfræðikostnaði vegna innheimtu kröfunnar og annars kostnaðar ef til fellur.

Hér með er skorað á skuldara að greiða kr. 4.021.584 eða semja um greiðslu skuldarinnar fyrir 14. desember 2018. Kröfuna má greiða inn á fjárvörslureikning Réttar – Aðalsteinssonar & Partners ehf., kt. 561002-3120, nr. 0101-26-379003. Hafi skuldin ekki verið greidd eða um hana samið, innan tilskilins frests verður hún innheimt með aðstoð dómstóla, án frekari viðvarana, sem mun hafa stórauðinn kostnað í för með sér fyrir skuldara. Hægt er að hafa samband við undirritaðan með því að hringja á skrifstofu Réttar í síma 547-2000 eða með því að senda tölvupóst á tölvupóstfangið birkir@rettur.is

Umbjóðandi okkar áskilur sér allan rétt til þess að reifa frekari atvik, málsástæður og lagarök fyrir kröfu sinni komi til málsóknar. Þá áskilur umbjóðandi okkar sér rétt til þess að hækka fjárhæðir kröfu sinna, auka við þær að öðru leyti og krefjast miskabóta vegna málsins.

Virðingarfyllst,



Birkir Már Arnason, lögfr.

F.h. Sigurðar Arnar Hilmarssonar, lögmanns.